

Ársreikningur 2024



Akraneskaupstaður

Háhití ehf.

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun endurskoðanda	3-4
Áritun og skýrsla stjórnar	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10-11

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Háhita ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Háhita ehf. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglegra gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningskilaaðferðir og reikningslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi félagsins.

Háhiti ehf.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins , frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni félagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar heimilisins og berum óskipra ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Maí 2025.

Endurskoðun VSK ehf.

Svavar Stefánsson, löggiltur endurskoðandi

Ársreikningur Háhita ehf. fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Áritun og skýrsla stjórnar

Tilgangur félagsins er iðnaðarframleiðsla, innflutningur, smásala og heildsala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006.

Tap af rekstri Háhita ehf. á árinu nam 146 þús. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 33 þús. kr. og skuldir 2.684 þús. kr. í árslok 2024. Eigið fé var neikvætt um 2.651 þús. kr. Neikvæð eiginfjárstaða félagsins er fjármögnuð af eiganda þess en skuld við hann nam 2.684 þús. kr. í árslok.

Í upphafi ársins sem og í árslok var Akraneskaupstaður eini eigandi félagsins.

Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun á móti tapi ársins og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024.

Stjórn Háhita ehf. hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfestir hann með undirritun sinni. Stjórnin leggur til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Akranesi, apríl 2025.

Stjórn:

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	7		46
Annar rekstrarkostnaður	8	55	109
	3	<u>55</u>	<u>155</u>
(Tap) fyrir fjármagnsliði		(55)	(155)
Fjármagnsliðir:			
Vaxtatekjur		1	2
Vaxtagjöld			(5)
Vaxtagjöld Aðalsjóður		<u>(92)</u>	<u>(94)</u>
		<u>(91)</u>	<u>(97)</u>
Tekjuskattur	4	<u>0</u>	<u>0</u>
(Tap) ársins	1,2	<u>(146)</u>	<u>(252)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	31.12.2024	31.12.2023
Eignir:		
Veltufjármunir:		
Handbært fé:		
Bankareikningar	33	28
Veltufjármunir	33	28
Eignir samtals	33	28

	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé og skuldir:		
Eigið fé:		
Hlutafé	500	500
Annað eigið fé (ójafnað)	(3.151)	(3.005)
Eigið fé 5	(2.651)	(2.505)
Skammtímaskuldir:		
Aðalsjóður	2.684	2.512
Ýmsar skammtímaskuldir	21	21
Skammtímaskuldir	2.684	2.533
Skuldir samtals	2.684	2.533
Eigið fé og skuldir samtals	33	28

Sjóðstreymi árið 2024

Rekstrarhreyfingar:	2024	2023
(Tap) ársins	(146)	(252)
Veltufé (til rekstrar)	(146)	(252)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímaskuldir - hækkun	(21)	2
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(21)	2
Handbært fé (til rekstrar)	(167)	(250)
Fjármögnunarhreyfingar:		
Aðalsjóður, breyting	172	228
Hækkun (Lækkun) á handbæru fé	5	(22)
Handbært fé í ársbyrjun	28	50
Handbært fé í árslok	33	28

Skýringar

Félagið:

- Háhiti ehf. er íslenskt einkahlutafélag. Heimilisfang félagsins er að Dalbraut 4, Akranesi. Tilgangur félagsins er iðnaðarframleiðsla, innflutningur, smásala og heildsala, rekstur fasteigna og lánstarfsemi.

Reikningsskilaaðferðir:

- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum, samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Færsla gjalda

- Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Tekjuskattur

- Ójafnað tap í árslok nemur 1.557 þús. kr. og nemur skattinneign vegna þess um 311 þús. kr. Skattinneign er ekki færð í ársreikninginn þar sem óvíst er um nýtingu hennar.

Eigið fé:

- Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 500 þús. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig í árslok:

	Hlutafé	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	500	(3.005)	(2.505)
(Tap) ársins		(146)	(146)
	500	(3.151)	(2.651)

Neikvæð eiginfjárstaða félagsins er fjármögnuð af eiganda þess en skuld við hann nam um 2.684 þús. kr. í árslok.

Skammtímaskuldir:

- Viðskipti við eiganda félagsins á árinu 2024 og staða viðskiptaskuldar í árslok 2024 greinast þannig:

	Vaxta- gjöld	Þjónustu- kaup	Viðskipta- skuldir 31.12.2024
Akraneskaupstaður	92	30	2.684
	92	30	2.684

Sundurliðanir:

	2024	2023
7. Laun og launatengd gjöld:		
Stjórnarlausn		39
Lífeyrissjóður		4
Tryggingagjald		3
		<u>46</u>
8. Annar rekstrarkostnaður:		
Sérfræðiþjónusta		59
Þjónustugjald	4	
Bókhalds- og skrifstofuþjónusta	30	30
Útvarpsgjald	21	20
	<u>55</u>	<u>109</u>